

Alþingi
Atvinnuveganefnd
sent rafrænt nefndasvið@althingi.is

Ísafirði 29. mars 2019

Efni: Umsögn um frumvarp til laga breytingar á ýmsum lögum um fiskeldi mál 647, 149. löggjafarþing.

Sveitarfélög á Vestfjörðum og Vestfjarðastofa áttu góðan fund með fjárlaganefnd Alþingis á síðasta hausti, kjarni þess fundar voru í stað þess að ræða „vanda Vestfjarða“, þá voru skilaboðin „Það er bjart yfir Vestfjörðum“.

Bjartsýnin byggir á mikilli uppbyggingu í fiskeldi sem er á fullu skriði á sunnanverðum Vestfjörðum en þarf að komast á betri reksþól á norðanverðum Vestfjörðum. Miðað við áhættumat frá árinu 2017 má ala um 50 þúsund tonn af laxi ísjókvíum við Vestfirði og í samgöngumálum er að verða umbylting sem styður við uppbyggingu fiskeldis og ferðaþjónustu. Vestfjarðastofa hefur tekið saman staðreyndablað um þessi áhrif fiskeldis á Vestfjörðum og þá möguleika sem það getur skapað landshlutanum. Fylgir blaðið hér með sem viðauki við þessa umsögn vísast til þess er varðar og umfjöllun um efnahagsleg og samfélagsleg áhrif fiskeldis.

Bjartsýnin byggir einnig á stefnu ríkisstjórnar, þar sem segir

Fiskeldi er vaxandi atvinnugrein sem felur í sér tækifæri til atvinnuuppbyggingar en þarf að byggja upp með ýrustu varúð í samræmi við ráðgjöf vísindamanna þannig að líffræðilegri fjölbreytni verði ekki ógnað. Samhliða vexti greinarinnar þarf að tryggja nauðsynlegar rannsóknir og eðlilega vöktun áhrifa á lífríkið. Eftir því sem fiskeldinu vex fiskur um hrygg þarf að ræða framtíðarfyrirkomulag gjaldtöku vegna leyfisveitinga.

Það frumvarp sem hér er til umsagnar er því lykilþáttur fyrir nýja framtíð samfélaga á Vestfjörðum og en ljóst að við afgreiðslu Alþingis þurfa að vera töluverðar breytingar á frumvarpinu svo skapa megi sjálfbær samfélög, efnahag og umhverfi. Umræða um uppbyggingu fiskeldis hefur skipst í tvo andstæða póla. Ef til vill eðlilega því í grunnin er verið að ræða tvö aðskilin mál.

- Uppbygging framtíðaratvinnuvegs á grundvelli hagstæðra náttúrulegra og samfélagslegra aðstæðna á Íslandi.
- Verndun villtra laxastofna sem hluti af markmiðum um verndun einstæðra erfðaeiginleika.

Stefnuviðmið ríkisstjórnar má skoðast í þessu ljósi og síðan er frumvarpinu ætlað að mæta þessum tveim málum með einni kjarnalausn, áhættumati. Lausn sem að mati Vestfjarðastofu er ekki nógu þróað stýritæki og er það á kostnað möguleika á að nýta skilgreind eldíssvæði við hagstæðar aðstæður.

Samráð og samráðsleysi

Frumvarpið er byggt á vinnu nefndar sjávarútvegsráðherra um stefnumörkun í fiskeldi og skilaði skýrslu í ágúst 2017. Að þeirri stefnumörkun kom þröngur hópur aðila m.a. án aðildar sveitarfélaga og samráð lítið nema í lok vinnunnar og breytti litlu í störfum nefndarinnar.

Nefndin fjallaði nokkuð breitt um fiskeldi og mælti með að framhald yrði á vinnu á grundvelli skýrslu nefndarinnar. Ein af megingintillögum nefndarinnar var að fyrst yrði afgreidd breyting á lögum um fiskeldi er varðaði áhættumat erfðablöndunar. Sú niðurstaða varð og hefur verið nú hátt í tvö ár kjarnaatriði í allri umræðu og ekki leitt til niðurstöðu enda mætt mikilli andstöðu.

Áhættumat erfðablöndunar nýtist ekki sem stjórnsýslutæki.

Vestfjarðastofa leggst gegn lögbindingu áhættumats erfðablöndunar, og ítrekra þar með afstöðu sem komið hefur fram að hálfu Fjórðungssambands Vestfirðinga í umsögnum um frumvörp sama efnis á 148. löggjafarþingi og í Samráðsgátt. Í fyrsta lagi er hér um að ræða vísindi sem eru enn í þróun og bæri fremur að horfa til hvernig verklag var þróað þegar aðferðarfræði við veiðiráðgjöf var hrint í framkvæmd á sínum tíma. Í annan stað er þá vísindastofnun þar með falið að taka ákvarðanir sem eiga að vera á borði framkvæmdavaldsins. Vestfjarðastofa ítrekar að standa beri vörð um Hafrannsóknarstofnun sem vísindastofnun sem veitir faglega ráðgjöf. Með ákvæði 7. gr um að Hafrannsóknarstofnun gefi ráðherra bindandi ráðgjöf er stofnunin að gefa ráðgjöf á einu stigi en um leið taka ákvörðun á stigi framkvæmdavaldsins. Stofnunin ætti einungis að setja fram ráðgjöf með tillögum sem ráðherra taki afstöðu til líkt og með veiðiráðgjöf nytjastofna.

Vestfjarðastofa lýsir í þessu samhengi stuðningi við ákvæði 4. mgr 4. gr um stofnun samráðsvettvangs vegna málefna fiskeldis og aðildar Sambands íslenskra sveitarfélaga að þeim vettvangi. En beint er til atvinnuveganefndar að kalla eftir nánari skýringum, hvort hlutverk samráðsvettvangs sé meira enn, en að vera ráðgefandi um forsendur og úrvinnslu áhættumats erfðablöndunar. Ákveðin misvísun er á milli 4. mgr 4. gr, frumvarpsins, er sagt að samráðshópur eigi „meðal annars“ að fjalla um áhættumat erfðablöndunar, en í skýringum er eingöngu fjallað um að hlutverk samráðshópsins sé áhættumat erfðablöndunar. Þetta er mikilvægt til þess að skýrt sé fyrir þá aðila sem skipa eiga fulltrúa í samráðshópinn, að þeir skipi þá til sérfræðinga sem hafi þekkingu á málefninu.

Áhættumat erfðablöndunar - vísindaleg rýni og kynning á opinberum vettvangi.

Vestfjarðastofa gagnrýnir í hve litlu mæli Hafrannsóknarstofnun a.m.k. á opinberum vettvangi, hefur kynnt hvernig vísindalegar forsendur áhættumats erfðablöndunar hafi verið rýndar. Víðtæk gagnrýni hefur komið fram frá því aðferðarfræðin var fyrst kynnt og allt fram til dagsins í dag. Hefði mátt vænta að ítarleg umfjöllun væri um vísindalegar forsendur í greinargerð frumvarpsins þar sem það á vera lagt til grundvallar bindandi lagaákvæðis.

Vestfjarðastofa bendir hér á að í greinargerð frumvarpsins sem lagt var fram á 148. löggjafarþingi fyrir tæpu ári síðan, sagði eftirfarandi

Áhættumatið er framkvæmt af Hafrannsóknarstofnun og vann stofnunin núverandi áhættumat í samstarfi við tvo erlenda sérfræðinga á sviði stofnerfðafræði. Til að tryggja að áhættumat

erfðablöndunar fái vísindalega umræðu og fræðilega rýni hefur Hafrannsóknastofnun kynnt aðferðafræði áhættumatsins fyrir erlendum fræðimönnum á sviði stofnerfðafræði.

Nú segir í greinargerð þessa frumvarps.

Áhættumat var unnið í samstarfi við tvo erlenda sérfræðinga á sviði stofnerfðafræði. Til að tryggja að áhættumat erfðablöndunar fái vísindalega umræðu og fræðilega rýni hefur Hafrannsóknastofnun kynnt aðferðafræði áhættumatsins fyrir erlendum fræðimönnum á sviði stofnerfðafræði.

Vestfjarðastofa telur að þeim opinberu fundum sem Hafrannsóknastofnun hefur komið á til að ræða fiskeldi þá hafi ekki komið fram skýr svör um niðurstöður á slíkri rýni. Því er hér með beint til atvinnuveganefndar að nefndin í samráði við umhverfis og samgöngunefnd, kalli eftir minnisblöðum af fundum Hafrannsóknarstofnunar við tilgreinda erlenda sérfræðinga og eftir atvikum kalli þá til fundar við nefndirnar. Skorað er á nefndina að kalla einnig til aðra sérfræðinga sem hafa gagnrýnt þessa aðferðafræði Hafrannsóknarstofnunar.

Áhættumat erfðablöndunar – kemur í veg fyrir nýtingu eldissvæða á Vestfjörðum.

Vestfjarðastofa tekur undir þá gagnrýni á módel Hafrannsóknarstofnunar, að forsendur módelins byggja á takmörkuðum gögnum á reynslu af laxeldi við Ísland. Gagnrýnin beinir síðast en ekki síst á það atriði, að módelinu er síðan beitt til þess að mæla áhrif af því þegar eldi á laxi í sjó er komið við efri mörk áætlað burðarþols þeirra svæða þar sem heimilt er að ala frjóan lax í sjó. Hér er í raun þá verið að reikna aftur á bak áætluð áhrif erfðablöndunar en á grundvelli takmarkaðar reynslu fyrri ára og án tillits til framþróunar í eldistækni og þróunar í mótvægisgerðum til að koma í veg fyrir að kynþroska lax nái að hrygna.

Fyrir Vestfirði þýðir þessi aðferðafræði að Ísafjarðardjúp verður lokað fyrir eldi til langrar framtíðar. Slíkt er óviðunandi staða fyrir norðanverða Vestfirði og mun einnig takmarka framþróun laxeldis á sunnanverðum Vestfjörðum. Því hér hefur áhersla á áhættumat erfðablöndunar tekið athygli frá mikilvægari þáttum, það er, útbreiðslu sjúkdóma, lúsasmit og hvíld eldissvæða. Þessir þættir eru lykilatriði að fiskeldi í sjókvíum verði byggð upp sem framtíðaratvinnuvegur í samræmi við stefnumörkun ríkisstjórnar. Verndun erfðamengis á jaðri útbreiðslusvæðis villtra laxastofna er hliðarverkefni, sem sýnt hefur verið fram á að hægt er að leysa með markvissum mótvægisáðgerðum í þeim takmarkað fjölda áa á Vestfjörðum sem lax gæti þrifist í til langframa.

Úthlutun eldissvæða

Ríkisstjórn og Alþingi hafa í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnar og með samþykkt Byggðaáætlunar 2018 – 2024 lagt áherslu á að nýta fiskeldi sem aðgerð til að jafna tækifæri til atvinnu og að bæta innviði. Í Sóknaráætlun Vestfjarða 2015-2019 er horft til fiskeldis sem framtíðar atvinnugreinar, jafnt sem kjarnaatvinnugrein og til uppbyggingar hliðargreina í þjónustu, eftirliti, rannsóknum og nýsköpun.

Í 3. gr frumvarpsins er komið að umfjöllun um grunnþátt í uppbyggingu atvinnugreinarinnar á grundvelli hagstæðra náttúrulegra aðstæðna. Fjallar 3. gr um setningu nýrrar lagagreinar 4a, um skiptingu hafsvæða í eldissvæði. Lokaákvörðun er í höndum ráðherra en skal byggja á bestu heildarnýtingu eldissvæða á grundvelli samráðs við Skipulagsstofnun.

Í greinargerð frumvarpsins er gert er ráð fyrir að úthlutað verði nýjum leyfum þar sem burðarþolsmat hefur ekki farið fram. Eins er í greinargerð frumvarpsins tilgreint að úthlutun byggji á samanlögðu mati á hagstæðasta tilboði að teknu tilliti líffræðilegra, samfélagslegra og efnahagslegra þátta.

Vestfjarðastofa mótmælir þessari aðferðafræði í úthlutun leyfa og krefst skýrrar aðkomu sveitarfélaga sem hafa og munu hafa fiskeldi sem lykilatvinnugrein. Hér hafa verði felld út ákvæði sem stóðu í fyrra frumvarpi frá 148. löggjafarþingi og í drögum að frumvarpi í Samráðsgátt, um víðtækt samráð við stofnanir og aðliggjandi sveitarfélög. Vestfjarðastofa telur skiptingu hafssvæða í eldissvæði og til annarrar nýtingar eða verndun sé lykilþáttur til að tryggja framtíðarþætti á Vestfjörðum. Sveitarfélög á Vestfjörðum eigi því að eiga beina aðkomu að þessu verkefni.

Burðarþol hefur verið metið í Ísafjarðardjúpi að undanskildum Jökulfjörðum og hafa fyrirtæki sótt um leyfi á grundvelli þessa. Vestfjarðastofa leggur áherslu á að frumkvöðlaréttur þessara aðila verði í forgangi við úthlutun leyfa.

Strandsvæðaskipulag.

Samkvæmt ákvæðum nýrra laga um skipulag haf og strandsvæða 88/2018, skal hefja gerð strandsvæðaskipulags og bráðabrigðaákvæði laganna setur fram, að slíkt skipulag skuli sett í framkvæmd á Vestfjörðum og á Austfjörðum. Strandsvæðaskipulagsvinna krefst mikils samráðs sveitarfélaga, ráðuneyta, atvinnulífs, frjálsra félagasamtaka og annarra hagaðila.

Eðlilegt væri að í frumvarpi um breytingu á lögum er varða fiskeldi yrði hið aukna vægi staðbundins skipulags tekið til rækilegrar umfjöllunar. Það er því miður ekki og einungis í 11. gr frumvarpsins finnast eitt ákvæði um samspil þessara tveggja laga er varðar útgáfu rekstarleyfa. Engin nánari umfjöllun er síðan í greinargerð frumvarpsins né skýringum með einstaka lagagreinum um hvernig samspil þessara laga eigi að vera háttað. Útgáfa rekstarleyfis er lokaþáttur á löngum ferli við ákvörðun um fiskeldisstarfsemi og forsendur strandsvæðaskipulags kæmu hér alltof seint inn.

Vestfjarðastofa krefst þess að frumvarpið geri ráð fyrir meiri samþættingu á vinnu að skipulagi haf og strandsvæða m.t.t. markmiða laga um haf og strandsvæðaskipulags um víðtækt samráð við framkvæmd slíks skipulags.

Vestfjarðastofa telur að hér sé hugsanlega í uppsiglingu réttaróvissa um framkvæmd laga um haf og strandsvæðaskipulag, sem vænta má að taki nokkur misseri í vinnslu. Að eldissvæðum hafi verið úthlutað í óþökk annarra haghafa og samfélaga. Kanna verður hvort setja eigi bráðabrigðaákvæði í frumvarpið, þar sem gert er skylt að afla upplýsinga um núverandi nýtingu og verndun haf og strandsvæðis liggja fyrir

Aðild Sambands íslenskra sveitarfélaga að ráðgjafaráði Hafrannsóknarstofnunar.

Vestfjarðastofa leggur til nýja lagagrein í frumvarpinu. Um verði að ræða breytingu á 4. gr laga nr 112/2015 lög um Hafrannsóknarstofnun, rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna.

og varðar fjölgun fulltrúa í ráðgjafaráð Hafrannsóknastofnunar. Lagt er til að fulltrúum verði fjölgað um einn og tilnefning verði að hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Slík fjölgun í ráðgjafarráði er eðlileg í ljósi þess að fiskeldi hefur nú þegar mikil efnahagsleg og samfélagsleg áhrif í sveitarfélögum jafnt í landsbyggðunum og á höfuðborgarsvæði. Munu þau áhrif fara mjög vaxandi gangi áætlanir eftir og má ætla að útflutningsverðmæti fiskeldisafurða nálgist með tíð og tíma heildarverðmæti afurða af helstu nytjastofna og líklega yfirstíga þá grein. Verði frumvarpið að lögum munu tillögur Hafrannsóknarstofnunar um fiskeldissvæði hafa jafnmikil áhrif og ráðgjöf um nýtingu nytjastofna. Þar sem fiskeldi er staðbundin nýting sem sett er til langs tíma og hefur afgerandi áhrif á nærsamfélög, þá er því sú krafa eðlileg að Samband íslenskra sveitarfélaga eigi fulltrúa í ráðgjafaráði Hafrannsóknarstofnunar. Kæmi það til viðbótar því hlutverki Sambandsins, samkvæmt ákvæði frumvarpsins í 4. mgr 4. gr um stofnun samráðsvettvangs vegna málefna fiskeldis.

Samantekt.

Frumvarpið geldur þess að ekki liggur fyrir heildarstefnumótun í fiskeldi á Íslandi heldur áfangaskýrsla frá því í ágúst 2017 og niðurstöðu sem byggir á samkomulagi þröngs hóps hagaðila.

Horft almennt til anda frumvarpsins þá er það mat Vestfjarðastofu að stjórnvöld séu að reyna með áhættumati erfðablöndunar að leysa tvö aðskilin mál.

- Uppbygging framtíðaratvinnuvegs á grundvelli hagstæðra náttúrulegra og samfélagslegra aðstæðna á Íslandi.
- Verndun villtra laxastofna sem hluti af markmiðum um verndun einstæðra erfðaeiginleika.

Alvarleg afleiðing þessa er að Ísafjarðardjúp verður áfram lokað fyrir eldi á lax í sjókvíum..

Strandsvæðaskipulag fyrir Vestfirði og Austfirði eru eðlilega afmörkuð sem svæði er hafa sameiginlega efnahagslega, samfélagslega og umhverfislega hagsmuni. Úthlutun eldissvæða ber að taka mið þessari forsendu en frumvarpið í óbreyttri mynd, eins og áður segir, lokar á laxeldi í kvíum í Ísafjarðardjúpi. Slík staða setur vinnu að strandsvæðaskipulagi fyrir Vestfirði í uppnám þar sem ekki er hægt að horfa heildstætt á hagsmuni hinna þriggja þátta skipulagsvinnunnar. Dæmi; fyrir verndun umhverfis verður að hvíla eldissvæði s.s. til að hreinsa úrgang, til að hamla útbreiðslu sjúkdóma eða vegna ágangs laxalúsar. Samliggjandi eldissvæði innan eins fjarðar eða fleiri geta verið hér undir og án aðgengi að Ísafjarðardjúpi þá verður ekki mögulegt að ná því framleiðslumagni sem áhættumat erfðablöndunar leyfir þó í dag.

Kjarni frumvarpsins er þannig í raun að hamla hugsanlegum vexti, í stað þess að andi frumvarpsins væri að byggja upp nýja atvinnugrein á grundvelli stefnumörkunar.

Frumvarpið er því með ákveðna rörsýn í stað þess að horfa til breiðrar skírskotunar m.a.;

- hvernig byggja megi upp samfélög
- byggja upp vísindapekkingu
- byggja upp reynslu af mismunandi aðstæðum

- fyrirbyggja útbreiðslu sjúkdóma
- fyrirbyggja uppvöxt sníkjudýra
- fyrirbyggja ofnýtingu vistkerfa t.d. með kynslóðaskiptum og hvíld svæða

Samanlagt væri stefnan að byggja upp íslenska sérstöðu og þekkingu sem eykur virði afurða á markaði og gæti þróað nýja aðferðir og tækni sem verði útflutningsvara. Horfa má til Færeyja hvernig þeir hafa tekið bitra reynslu í upphafi og gert að fyrirmyndar atvinnugrein til hagsbóta fyrir samfélög og atvinnulíf.

Annað.

Væntanleg umsögn samtaka sjávarútvegssveitarfélaga og Sambands íslenskra sveitarfélaga fjalla ýtarlega um málaflokka frumvarpsins, en hér hefur verið settur fókus á hvernig frumvarpið hefur áhrif á uppbyggingu fiskeldis á Vestfjörðum og dregin fram þau sjónarmið er varða landshlutann.

Áður hefur Vestfjarðastofa í nafni Fjórðungssambands Vestfirðinga unnið umsögn um drög að frumvarpi sem lagt var fram í Samráðsgátt í lok desember s.l. Umsögnin fylgir hér með í viðauka ásamt ályktunum 3. Haustþings. Eins skilaði Fjórðungssambandið umsögn við frumvarp um fiskeldi sem ekki náði fram að ganga á 148. löggjafarþingi. Fylgir Vestfjarðastofa þar með eftir málefnum FV í samræmi við samþykkt sveitarfélaga sem standa að FV.

F.h. Vestfjarðastofu



Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri.

Viðauki 1

Ályktanir 3. Haustþings Fjórðungssambands Vestfirðinga, haldið 5. og 6. október 2018 er varða fiskeldi.

3. Haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga samþykkti þrjár ályktanir sem taka verður inn í umsögn Vestfjarðastofu eða koma á framfæri á annan hátt.

Örlogadagur fyrir Vestfirði og Ísland!

Það er áfall fyrir Vestfirði og þjóðarbúið í heild að úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála hafi þann 5. október 2018, hafnað beiðni fyrirtækjanna Arnalax (Fjarðarlax) og Arctic Fish (Arctic Sea Farm) um frestun réttaráhrifa og fellt úr gildi rekstrarleyfi fyrirtækja í fullum rekstri. Vestfirðingar eru reiðir og sætta sig ekki lengur við við úrræðaleysi og getuleysi kerfisins.

Haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga krefst þess að Alþingi og ríkisstjórn grípi tafarlaust inn í þá atburðarrás sem úrskurður nefndarinnar hefur sett af stað og tryggi áframhaldandi rekstrargrundvöll þeirra fiskeldisfyrirtækja sem byggt hafa upp starfsemi sína á Vestfjörðum. Störf og lífsafkoma 300 manns er í bráðri hættu. Fiskeldi á Vestfjörðum er nú þegar orðin burðarás í samfélaginu og mun þessi atburðarás, ef ekkert verður að gert, hafa afdrifaríkar afleiðingar fyrir Vestfirði og samfélagið þar til frambúðar.

Efling rannsókna, skipulags og eftirlits í fiskeldi á Vestfjörðum.

Þriðja Haustþing Fjórðungssamband Vestfirðinga haldið á Ísafirði 5. og 6. október 2018, krefst þess að staðið verði við fyrirheit um að sviðsstóri fiskeldismála hjá Hafrannsóknastofnun ásamt sérfræðingum verði með aðsetur á Ísafirði eins og kveðið var um í tilkynningu frá 6. október 2016 frá þáverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Þetta er liður í þeirri kröfu að rannsóknir, skipulag og eftirlit atvinnugreinarinnar verði byggt upp á Vestfjörðum.

Aðkoma sveitarfélaga í ráðgjafnefnd Hafrannsóknastofnunar.

3. haustþing Fjórðungssamband Vestfirðinga haldið á Ísafirði 5. og 6. október 2018, beinir því til sjávarútvegs og landbúnaðarráðherra, að í væntu frumvarpi um breytingar á lögum tengdum fiskeldi, verði gerð tillaga um breytingu á 4. gr laga nr 112/2015 er varðar fjölgun fulltrúa í ráðgjafaráð Hafrannsóknastofnunar 1. Verði fulltrúum fjölgað um einn og hann tilnefndur að hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Greinargerð;

Fiskeldi hefur nú þegar mikil efnahagsleg og samfélagsleg áhrif í sveitarfélögum jafnt í landsbyggðunum og á höfuðborgarsvæði. Munu þau áhrif fara mjög vaxandi gangi áætlanir eftir og má ætla að útflutningsverðmæti fiskeldisafurða nálgist með tíð og tíma heildarverðmæti afurða af helstu nytjastofna og líklega yfirstíga þá grein. Verði frumvarpið að lögum munu tillögur Hafrannsóknarstofnunar um fiskeldissvæði hafa jafnmikil áhrif og ráðgjöf um nýtingu nytjastofna. Þar sem fiskeldi er staðbundin nýting sem sett er til langs tíma og hefur afgerandi áhrif á nærsamfélög, þá er því er sú krafa eðlileg að Samband íslenskra sveitarfélaga eigi fulltrúa í ráðgjafaráði Hafrannsóknarstofnunar.

Viðauki 2.

Staðreyndarblað um fiskeldi.

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Fiskeldi/stadreyndablad-fiskeldi.pdf>

STAÐREYNDIR UM FISKELDI Á VESTFJÖRÐUM

Fólksfækkun snúið við með fiskeldi

Íbúum á sunnanverðum Vestfjörðum fækkaði um 400 eða um 25% á tímabilinu 1998 - 2012. Undanfarin ár hefur íbúum á svæðinu fjölgað aftur, mest á Bildudal og Patreksfirði, jafnframt því sem yngri fólk fjölgaði nokkuð.

Heimild: Bygðaleg áhrif fiskeldis. Bygðastofnun 2017

300+

Á sunnanverðum Vestfjörðum eru um 160-170 bein störf í fiskeldi eingöngu og annar eins fjöldi í óbeinum störfum.

80%

atvinnutekna í íslensku fiskeldi urðu til á landsbyggðinni árið 2016.

34%

atvinnutekna frá fiskeldi má rekja til Vestfjarða.

Allur lax á Vestfjörðum með stranga ASC umhverfsvottun

Allur lax sem kemur frá Vestfjörðum árið 2019 verður ASC vottaður (Aquaculture Stewardship Council) sem er ein strangasta umhverfsvottun sem til er þegar kemur að fiskeldi og var m.a. þróuð af umhverfisverndarsamtökunum World Wildlife Fund.

Til að fá vottun þurfa fyrirtæki meðal annars að lágmarka umhverfisáhrif og starfa í sátt við samfélag og umhverfi. ASC samtökin sem standa að baki staðlinum eru óháð samtök sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni.

Heimild: Vestfirskur lax fær ASC-umhverfsvottun, www.ruv.is 08.01.2019 og www.asc-aqua.com

Á annað þúsund störf

70.000 tonna fiskeldi á Vestfjörðum gæti skilað um:

- ◆ 65 milljarða heildarverðmæti
- ◆ 730 beinum störfum og 420 afleiddum, samtals um 1.150 störfum
- ◆ Árlegar skattgreiðslur til ríkissjóðs verða 2,8 milljarðar og um 700 milljónir króna renna til sveitarfélaga

Hér er miðað við framleiðslu að burðarþoli á Vestfjörðum þar sem líkleg hámarksframleiðsla miðað við 80 þúsund tonna burðarþol er áætlað um 70 þúsund tonn.

Heimild: Laxeldi í Ísafjarðardjúpi - greining á áhrifum þess á efnahag og íbúapróun. Uppfærðar tölur út frá skýrslu KPMG fyrir Fjórðungssamband Vestfjarða, sept. 2017

Rætt um Djúpið

Hafrannsóknastofnun vann áhættumat til bráðabirgða sem birt var árið 2017 þar sem hámarkseldismagn á Vestfjörðum var sett við 50.000 tonn. Miklar deilur hafa verið um forsendur áhættumatsins sem bannar eldi í Ísafjarðardjúpi vegna möguleika á erfðablöndun við 2-3 ár í Djúpinu. Meðal þess sem gagnrýnt hefur verið er að ekkert tillit er tekið til mótvægisáðgerða og að vísindalega rýni vanti á matið.

Endurskoðun áhættumats var boðuð vorið 2018 en þess er enn beðið í ársbyrjun 2019.

Hægt að sjöfalda ársframleiðslu

Rammi fiskeldis á Íslandi afmarkast annars vegar af burðarþoli sem gefur um 130 þúsund tonna framleiðslu og hins vegar af bráðabirgðaáhættumati vegna mögulegrar erfðablöndunar.

Burðarþol fjarða á Vestfjörðum

Patreks- og Tálknafjörður:	20.000 tonn
Arnarfjörður:	20.000 tonn
Dýrafjörður:	10.000 tonn
Önundarfjörður:	2.500 tonn
Ísafjarðardjúp:	30.000 tonn

Heimild: Hafrannsóknastofnun

Niðurstöður áhættumats Hafrannsóknastofnunar á mögulegri erfðablöndun eldislaxa við náttúrulega laxastofna er sú að ásættanlegt sé að leyfa allt að 71.000 tonna framleiðslu af frjóum eldislaxi hér við land, þar af 50.000 tonn á Vestfjörðum og 21.000 tonn á Austfjörðum.

Miðað við áhættumat má sjöfalda núverandi ársframleiðslu íslensks laxeldis, sem nú er um 10.000 tonn.

Heimild: Áhættumat Hafrannsóknastofnunar, júlí 2017

Rúmur milljarður

Atvinnutekjur frá fiskeldi á Vestfjörðum voru 1.075 milljónir kr. 2017, en 65 milljónir árið 2008.

Störf í fiskeldi

2008: 166
2018: 457

2,248 milljarða aukning
Atvinnutekjur í fiskeldi jukust úr 810 milljónum króna árið 2008 í 3,058 milljarða árið 2017.

Mun fleiri jákvæðir en neikvæðir

Alls eru 46,3% landsmanna jákvæðir gagnvart fiskeldi í sjó á Vestfjörðum, 29,6% eru neikvæðir og 24,1% eru hvorki jákvæðir né neikvæðir, skv. viðhorfskönnun Gallup í nóv. 2018.

Minnstur stuðningur við fiskeldi í sjó reyndist meðal svarenda í Reykjavíkurborgardæmi suður þar sem 29% voru jákvæðir gagnvart fiskeldi í sjó á Vestfjörðum en 37% voru neikvæðir.

Mestur stuðningur var í Suðurborgardæmi þar sem 63% voru jákvæðir gagnvart fiskeldi í sjó á Vestfjörðum en 20% voru neikvæðir. Í Norðvesturborgardæmi voru 54% jákvæðir gagnvart fiskeldi í sjó á Vestfjörðum en 22% voru neikvæðir. Aðrir voru hlutlausir.

Sjá könnun á www.vestfirdir.is

Viðhorf landsmanna gagnvart fiskeldi í sjó á Vestfjörðum:



Umhverfisvænn matvælaíðnaður

Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda frá fiskeldi í sjó á Íslandi var 31.000 tonn CO₂-ígilda árið 2017. Þetta nemur 3,21 kg CO₂-ígilda á hvert kíló af tilbúinni afurð og er í góðu samræmi við erlenda útreikninga.

Kolefnisspor sjókvíeldis er samkvæmt þessu svipað og við veiðar á villtum fiski og lægra en í flestri annarri framleiðslu á dýraafurðum til mannelis.

Langstærsti hluti kolefnisspors fiskeldis á Íslandi (um 93%) liggur í framleiðslu og flutningum á fóðri. Um 3% stafa af framleiðslu og flutningi umbúða og um 2% af flutningi afurða til dreifingarstöðvar. Aðrir þættir hafa minna vægi.

Hægt væri að kolefnisjafna alla losun gróðurhúsalofttegunda frá sjókvíaeldi á Íslandi með landbótaaðgerðum, þ.e.a.s. landgræðslu, skógrækt og endurheimt votlendis. Sem dæmi má nefna að til að kolefnisjafna alla losun greinarinnar eins og hún var árið 2017 þyrfti að endurheimta um 1.590 ha af votlendi.

Sú ráðstöfun væri í raun varanleg, þar sem hún myndi draga úr losun samsvarandi magns gróðurhúsalofttegunda frá votlendi árlega í áratugi eða aldir.

Heimild: Skýrsla Umhverfisráðgjafar Íslands ehf. á kolefnisspori sjókvíaeldis á Íslandi, nóv. 2018, gerð fyrir Landssamband fiskeldisstöðva.

14x

Atvinnutekjur frá fiskeldi á Vestfjörðum fjórtánfölduðust milli 2008-2016.

Tekjur tvöfaldast

Rekstrartekjur í fiskeldi á Íslandi hafa rúmlega tvöfaldast frá 2015, og jukust um 34% á árinu 2017.

Af hverju ekki landeldi?

Landeldi er orkufrekt í samanburði við sjóeldi og krefst mikils landrýmis. Á Vestfjörðum er hvorki mikið landrými né aðgengi að þeirri orku sem þyrfti sem þýðir að Vestfirðir henta ekki vel fyrir landeldi. Aðrir staðir á landinu gætu mögulega hentað betur en líklegast er að stórar landeldisstöðvar verði byggðar nær markaðnum og þá í þeim löndum þar sem neyslan á sér stað.

Ef norsk gögn eru yfirfærð á íslenskar aðstæður með 20.000 tonna framleiðslu má reikna með að:

- ◆ Framleiðslukostnaður í landeldi yrði a.m.k. 43% hærri en í sjóeldi.
- ◆ Fjárfestingarkostnaður í landeldi er um 10 sinnum hærri en í sjókvíaeldi (m.v. RAS eldistækni, þar sem vatn er endurnýtt í miklum mæli).
- ◆ Landnotkun er 15 til 18 hektarar.
- ◆ Orkunotkun er 120 GWh, en til samanburðar er árleg orkuvinnsla Mjólkárverkjanna 1,2 og 3, samtals um 67,4 GWh.
- ◆ Vatnsnotkun í RAS kerfi er um 0,025 m³/sek en um 16,5 m³/sek í gegnumstreymisstöð. Til samanburðar er meðalrennsli Elliðaána um 4,9 m³/sek á ári.
- ◆ Í landeldi fellur til úrgangur, seyra, sem er áætluð um 3.700 tonn miðað við 90% þurrefnisinnihald sem þyrfti að koma í lóg eða endurvinnslu.

Heimild: Guðbergur Rúnarsson: Laxeldi í sjó eða á landi? Grein á vef SFS 14. 11.18. sem byggir á sameiginlegri skýrslu norskra vísindastofnanna um kosti og galla þess að færa allt laxeldi á land í Noregi.



Til að vernda umhverfið er laxeldi einungis heimilt á fáum stöðum á landinu, en auk þess eru ýmis svæði sem henta atvinnugreininni illa.

- Svæði þar sem laxeldi í sjó er heimilt
- Svæði þar sem aðstæður henta illa til laxeldis
- Svæði þar sem laxeldi í sjó er bannað

Laxeldi í samanburði við aðra matvælaframleiðslu:

	Fóðurþörf /kg.	Kolefnisspor/kg.	Vatnsnotkun/kg.
Lax	1,1	3,2 kg.	1400 l.
Kjúklingar	2,2	3,4 kg.	4300 l.
Svínakjöt	3	5,9 kg.	6000 l.
Nautakjöt	9,8	30 kg.	15400 l.

Þróun sjókvíaeldis í Noregi

Norsk yfirvöld hafa sett sér það markmið að auka eldisframleiðslu í sjókvíum um að jafnaði 3% á ári sem felur í sér nálægt 30 þúsund tonna árlega aukningu á lífmassa í útgefnum leyfum.

- ◆ Ný leyfi fyrir laxeldi í sjókvíum eru gefin út og rekstur hafinn meðfram mestallri strönd Noregs nánast í viku hverri.
- ◆ Alls hafa verið gefin út rúmlega þúsund leyfi fyrir rúmlega milljón tonnum af lífmassa í öllum Noregi.

Heimild: Gunnar Davíðsson, deildarstjóri atvinnuþróunar hjá Tromsfylki í Norður Noregi, Morgunblaðið 20.11.2018

14 milljarðar:

Útflutningsverðmæti eldisafurða árið 2017. Eldisafurðir voru 7% sjávarafurða í heild, þar af 61% vegna laxeldis.

Laxinn stærri en þorskur

Árið 2017 var verðmæti eldislax meira en þorsks á Vestfjörðum.

Kolefnisfótspor

Sjóeldi: 3,2 kg. CO₂ per kg af laxaafurð
Landeldi: 4-6 kg. CO₂ per kg af laxaafurð



Vestfjardastofa